

*Skýrsla formanns  
til aðalfundar Félags kennara á eftirlaunum  
7. maí 2005  
um starfsárið 2004 - 2005*



*Fyrsti fundur FKE á Akureyri laugardaginn 15. maí 2004*

*Með kærum þökkum til samstarfsfólks  
og allra félagsmanna FKE,  
Gísli Ólafur Pétursson*



Fyrsta sumarferðin frá Akureyri var farin til Hveravalla 25. ágúst 2004.  
Hér er hópurinn í svonefndri Eyvindartóft.

### Efnisyfirlit

Stjórn félagsins.....	3
Starfsemi á starfsárinu frá maí 2004 til maí 2005.....	3
Fræðslu- og skemmtifundir.....	4
Fundur á Akureyri 15. maí 2004.....	4
Sumarferðir.....	4
Verkfall grunnskólakennara.....	5
Árshátíð.....	5
Hópastarfsemi.....	5
Bókmenntir.....	5
Bridge.....	6
Skák.....	6
EKKÓ - kórinn.....	6
Tölvustarf.....	7
NPT - árleg samnorræn þing kennara á eftirlaunum.....	7
Stjórnaráð FKE.....	7
Stjórnarfundir.....	8
FKE-fréttir.....	8
Upplýsingavefur FKE.....	8
Félagsmál.....	8
1650 félagsmenn.....	8
Félagagreining.....	9
Aðildarfélag KÍ kynni félagsmönnum sínum FKE.....	9
Hvert er ásættanlegt þjónustustig félagsins?.....	9
Orlofstilboð.....	9
Safn til kennslusögu Íslands.....	10
Pakkir til félagsmanna og samstarfsfólks á starfsárinu.....	10

## Stjórn félagsins

Myndin er tekin á aðalfundi félagsins þann 8. maí 2004. Fráfarandi formaður, Ólafur Haukur Árnason, þakkar Herði Zóphaníassyni, varaformanni og fundarstjóra fyrir samstarfið í fráfarandi stjórn sem meðal annars skipulagði og stjórnaði fyrsta fundi félagsins utan Reykjavíkur, fundinum á Akureyri sem haldinn var viku síðar, þann 15. maí 2004.



Stjórn félagsins er skipuð fimm aðalmönnum og tveim varamönnum. Formaðurinn er kjörinn sérstaklega en að öðru leyti skiptir aðalstjórn með sér verkum og varamenn sækja alla stjórnarfundir og taka fullan þátt í verkefnum stjórnar. Aðalfundur félagsins er haldinn í maí samkvæmt lögum og á aðalfundinum þann 8. maí 2004 urðu nokkur mannaskipti eins og hér sést:

### Til 8. maí 2004:

Ólafur Haukur Árnason, formaður,  
Hörður Zóphaníasson, varaformaður,  
Ólöf H. Pétursdóttir, ritari,  
Hermann Guðmundsson, gjaldkeri,  
Sveinn Kristjánsson, skjalavörður,  
Auður Eiríksdóttir, varamaður,  
Bryndís Steinþórsdóttir, varamaður.

### Frá 8. maí 2004

Gísli Ólafur Pétursson, formaður,  
Hörður Zóphaníasson, varaformaður,  
Bryndís Steinþórsdóttir, ritari,  
Hermann Guðmundsson, gjaldkeri,  
Jóna Sveinsdóttir, skjalavörður,  
Birna Frímansdóttir, varamaður,  
Margrét Schram, varamaður.

## Starfsemi á starfsárinu frá maí 2004 til maí 2005

**Atburðaskrá.** Til yfirlits eru hér fyrst upp taldir í tímaröð þeir atburðir sem félagið hefur staðið fyrir og kallað félagsmenn til á starfsárinu. Þó er ekki meðtalin klúbbstarfsemi.

- 15. maí 2004 fræðslu- og skemmtifundur á Akureyri - 50 þátttakendur
- 31. maí 2004 Gangsettur upplýsingavefur um FKE í 24 ár
- 3. ág. 2004 4. tbl. 24. árg. **FKE-fréttir**
- 17. ág. 2004 sumarferð frá Reykjavík - 108 þátttakendur
- 24. ág. 2004 sumarferð frá Akureyri - 22 þátttakendur
- 24. ág. 2004 5. tbl. 24. árg. **FKE-fréttir**
- 4. sep. 2004 fræðslu- og skemmtifundur - 38 þátttakendur
- 2. okt. 2004 fræðslu- og skemmtifundur - 43 þátttakendur
- 19. okt. 2004 fyrsti stjórnaráðsfundur FKE - 25 þátttakendur
- 15. okt. 2004 afhentur fjárstuðningur til grunnskólakennara
- 20. okt. 2004 6. tbl. 24. árg. **FKE-fréttir** v/verkfalls grunnskólakennara
- 6. nóv. 2004 fræðslu- og skemmtifundur - 51 þátttakandi
- 4. des. 2004 fræðslu- og skemmtifundur - 90 þátttakendur
- 3. jan. 2005 1. tbl. 25. árg. **FKE-fréttir**
- 15. jan. 2005 fræðslu- og skemmtifundur - 40 þátttakendur
- 5. feb. 2005 fræðslu- og skemmtifundur - 55 þátttakendur
- 4. mar. 2005 árshátíð og 25-ára afmælishátíð - 110 þátttakendur
- 2. apr. 2005 fræðslu- og skemmtifundur - 31 þátttakandi
- 15. apr. 2005 2. tbl. 25. árg. **FKE-fréttir**
- 7. maí 2005 fræðslu- og skemmtifundur og aðalfundur -

Auk þessa voru stjórnarfundir samtals 15 og öll aðalstjórnin sat 3. þing KÍ sem haldið var dagana 14. og 15. mars 2005.



## Fræðslu- og skemmtifundir

Þeir hafa verið haldnir fyrsta laugardag í vetrarmánuðunum nema í janúar. Þar var valinn laugardagur í miðjum mánuðinum. Hann bar nú upp á 15. janúar. Fræðslu- og skemmtifundum félagsins er vel lýst í skýrslu Ólafs Hauks Árnasonar til aðalfundarins þann 8. maí 2004. Þar sagði hann: “Skemmti- og fræðslufundir, ... Allir voru þeir með þeim hefðbundna hætti sem þið þekkið: Spiluð félagsvist, drukkið veislukaffi og síðan hlýtt á fyrirlestur, frásögn eða upplestur.”

Á því starfsári sem nú er að ljúka voru haldnir samtals 9 fræðslu- og skemmtifundir.

*Myndin er af dr. Árna Björnssyni sem þann 2. október 2004 ferði okkur Fjalla-Eyvind eftir því sem næst verður komist af skjalfestum sannindum, sennileika og munnmælum.*



## Fundur á Akureyri 15. maí 2004

Félag kennara á eftirlaunum er landsfélag og frá öndverðu hefur það verið á verkefnaskrá félagsins að stofna til viðburða á þéttbýlisstöðum utan höfuðborgarsvæðisins. Þessu hefur þó ekki reynst unnt að hrinda í framkvæmd fyrr en á starfsárinu 2003 - 2004. Það skipulagði sú stjórn sem þá sat undir formennsku Ólafs Hauks Árnasonar. Ólafur Haukur undirbjó og stjórnaði þeirri ferð sem farin var norður til Akureyrar viku eftir aðalfundinn. Um þann fund segir í inngangi fundargerðar þess fundar: *Fundur var haldinn í **Fiðlaranum á þakinu** á Akureyri. 50 skráðu sig í fundarbók. Þetta var kynningarfundur um starfsemi FKE og fulltrúi LSR kom einnig á fundinn og skýrði samhengi eftirmannsreglu-eftirlauna við annars vegar kjarasamninga og hins vegar framkvæmd kjarasamninga úti í skólunum. Hvort tveggja hefur áhrif á upphæð þeirra eftirlauna sem eftirmannsreglan skilar.* Þetta var fyrsti fundur félagsins sem haldinn var á Akureyri. Í kjölfar hans var síðan skipulögð sumarferð frá Akureyri sem farin var í ágúst.

## Sumarferðir

*Mynd: Tómas Einarsson hefur verið frumkvöðull, fararstjóri og leiðsögumaður í öllum ferðum félagsins frá Reykjavík allt frá því að þær voru hafnar sumarið 1994. Hér er hann með hópinn við Hraunfossa í Borgarfirði í sumarferðinni 2004.*



Sumarferðir hafa verið farnar á vegum félagsins næstliðin áratug - eða allt frá árinu 1994. Tómas Einarsson, kennari og fararstjóri, var þá stjórnarmaður og sú stjórn ýtti sumarferðum úr vör. Tómas hefur síðan verið leiðsögumaður og fararstjóri í öllum sumarferðum frá Reykjavík. **Ellefta sumarferðin frá Reykjavík** var farin sumarið 2004 með 110 manns. Þá var einnig farin **fyrsta sumarferðin frá Akureyri** með 22. Sumarið 2005 hafa verið ákveðnar ferðir í ágúst frá Reykjavík í Breiðafjarðareyjar þann 17. og viku síðar frá Akureyri í Fjörður og Flateyjardal. Einnig hefur verið ákveðið að fara hópferð frá Reykjavík norður Kjöl til Akureyrar til að taka þátt í ferðinni frá Akureyri og til baka um Sprengisand..

## Verkfall grunnskólakennara

*Mynd: Hörður Zóphaníasson, varaformaður FKE, Jóna Sveinsdóttir, skjalavörður FKE, Árni Heimir Jónsson, formaður stjórnar Vinnudeilusjóðs KÍ, og Hermann Guðmundsson, gjaldkeri FKE.*



Þann 15. okt. 2004 hafði verkfall grunnskólakennara staðið í nær fjórar vikur og stjórnin samþykkti annars vegar að leggja fram lítilsháttar fjárstuðning, kr. 300 þúsund, í verkfallssjóð KÍ og hins vegar að gefa út sérstakt tölublað af FKE-fréttum til að vekja athygli á baráttunni og leiðbeina félagsmönnum um hvernig þeir gætu sýnt stuðningsviljann í verki og lagt af mörkum í verkfallssjóðinn. Stjórnin afhenti peningana í verkfallsmiðstöð grunnskólakennara í Borgartúni þann 15. október og sendi félagsmönnum 6. tölublað FKE-frétta á því ári.

## Árshátíð

Árshátíðin var haldin 4. mars og gestir voru 110 talsins. Þetta var jafnframt 25-ára afmæli félagsins en það var stofnað á árinu 1980. Hátíðin var að þessu sinni haldin í Kiwanishúsinu sem rúmar vel hinn vaxandi fjölda sem kemur til að gleðjast á árshátíð félagsins. Þar var margt til skemmtunar. Vilma Yong kom með fiðlusveit unga fólksins, Hörður Zóphaníasson las hátíðarræðu Helga Seljan sem sjálfur var lasinn fjarri, EKKÓ söng og meðal annars þrjú lög þar sem félagi hefur lagt til texta eða lag eða hvort tveggja, og óvænt höpp hlutu nokkrir gestir. Meðal þeirra var þátttaka tveggja í hópferð félagsins norður Kjöl og suður Sprengisand til þátttöku í sumarferð félagsins frá Akureyri í Fjörður og Flateyjarðal. Annað happ var þátttaka fyrir tvo í ferð á Eyjafjallajökul sem svo var farin næstu helgi í glæsilegu veðri. Að lokum lék Caprí-tríóið fyrir dansi til miðnættis þegar við að endingu mynduðum stóran hring og lukum hátíðinni með dynjandi söng.



## Hópastarfsemi

er án þátttökukostnaðar fyrir félagsmenn. Leiðbeinendur og kennarar á þessum vettvangi koma úr röðum stjórnarmanna sem hafa unnið án endurgjalds.

### Bókmenntir

*Mynd: Óskar Guðmundsson í heimsókn hjá Bókmenntaklúbbum, og Hörður Zóphaníasson, varaformaður FKE sem er fyrirvarmaður Bókmenntaklúbbsins..*





Bókmenntaklúbburinn kemur til jafnaðar saman í kjallarasal Kennarahússins. Nokkur snurða hljóp á tímaþráðinn í verkfalli grunnskólakennara en þá leysti Fjölbrautarskólinn við Ármúla elskulega úr vandræðunum og lét félaginu í té húsnæði á meðan á verkfallinu stóð. Á tímabilinu frá 8. maí 2004 til 7. maí 2005 hefur klúbburinn komið fimmtán sinnum saman, rúmar tvær klukkustundir í hvert skipti. Á tímabilinu hafa samtals 26 félagar tekið þátt í þessari starfsemi og fimm gestir, skáld og bókmenntamenn komið í heimsókn og frætt klúbbfélaga.

Klúbbinn leiða þau Hörður Zóphaniásson og Ásthildur Ólafsdóttir. Þau hafa stýrt þessu starfi næstliðin ár og eiga kærar þakkir okkar fyrir það og margt vandað og gleðjandi innlegg. Stóri hópurinn sem fór í sumarferðina í Borgarfjörðinn síðastliðið sumar naut allur innleggs þeirra við kvöldverðarhátíðina í Munaðarnesi.

### *Bridge*

Bridgeklúbbur hóf starfsemi í febrúar 2005 og kemur saman hálfsmánaðarlega í KÍ-húsinu. Margrét Schram og Hermann Guðmundsson hafa hjálpað og leiðbeint þátttakendum og stjórnad spilamennskunni. Kærar þakkir til þeirra fyrir skjót viðbrögð og fúsleika þeirra til að taka það verkefni að sér strax og hugmyndin kom upp á fræðslu- og skemmtifundinum í febrúar.

### *Skák*

Skákhópurinn náði ekki saman á þessum vetri þrátt fyrir aðgerðir Þráins Guðmundssonar sem til þess var boðinn og búinn eins og undanfarin ár. Hann liðsinnti mönnum þá um þátttöku í skákstarfi á vegum Félags eldri borgara en þar koma fleiri saman og átökin verða fjölbreyttari auk þess sem félagar okkar greiða sama þáttökugjaldið, kr. 250, eins og þeir sem eru félagsmenn FEB. Þráni Guðmundssyni þökkum við kærlega fyrir hans hlut.

### *EKKÓ - kórinn*

*Myndin er af kórnum á jólafundinum 4. des. 2004.*

Eftirlaunakennarakórinn æfir í sal KHÍ sem liðsinnt hefur félaginu í þessu efni af höfðingsskap. Æfingar fara fram alla fimmtudaga kl. 17. Formaður kórstjórnarinnar er Rannveig Sigurðardóttir og með henni í stjórninni eru þau Þorbjörg Guðmundsdóttir og Svavar Björnsson. Um langt skeið hefur Jón Hjörleifur Jónsson verið söngstjóri kórsins og



kona hans, Solveig Jónsson, leikið undir. Vegna þrálátra veikinda hans hefur verið leitað til Sigrúnar Þórsteinsdóttur sem tekið hefur að sér söngstjórn og þjálfun frá haustinu 2004. Jóni Hjörleifi og Solveigu eru þökkuð mikilvæg framlög til kórstarfsins á undanförunum árum og Sigrún er boðin hjartanlega velkomin. Söngfélagarnir í EKKÓ eru virkasti starfshópur félags okkar. Við látum okkur mjög annt um velgengni hans og þá gleði sem hann færir þátttakendum sjálfum og svo okkur sem njótum þátttöku þeirra í almennum söng á okkar fræðslu- og skemmtifundum og þess heiðurs að fá kórinn í heild til að gleðja okkur á tyllidögum. Í vetur hefur það verið á desemberfundinum og á árshátíðinni. Kærar þakkir.

## Tölvustarf



Félagið hefur vikulega aðgang að tölvustofu í Fjölbrautaskólanum við Ármúla. Í 32 skipti á vetrinum hafa menn komið þar til fundar við tölvurnar í samtals 64 kennslustundir og alls hafa 56 einstaklingar komið þar til samstarfs í lengri eða skemmri tíma. FKE er skólanum afar þakklátt fyrir frábært liðsinni við þessa starfsemi félagsins.

## NPT - árleg samnorren þing kennara á eftirlaunum

eru haldin á Norðurlöndunum til skiptis. Á árinu 2003 var mótið haldið á Íslandi en árið 2004 í Danmörku. Til þess fóru átta félagar FKE í byrjun júní. Afar nytsamt er að halda sambandi við norrænu systurfélögin og fylgjast með starfsemi þeirra og viðhorfum til þess verkefnis að vera vettvangur fyrir kennara á eftirlaunum. 28. NPT-mótið verður haldið í Kiruna í Svíþjóð í júní 2005.

## Stjórnaráð FKE



*Fremstir á myndinni eru þeir Ólafur Haukur Árnason, fyrrverandi formaður FKE og Hermann Guðmundsson, gjaldkeri félagsins.*


Stjórnaráðið samanstendur af öllum virkum eldri stjórnarmönnum félagsins. Fyrsti fundur þess var haldinn 19. október 2004 og er gert ráð fyrir að það hittist ekki sjaldnar en árlega. Á fundinn komu 25 manns sem jafnframt er sá hópur sem virkastur hefur verið í starfsemi félagsins og hefur á vettvangi þess leyst úr mörgum málum.



## Stjórnarfundir



Stjórnin á stuttum fundi í upphafi fræðslu- og skemmtifundar 2. febrúar 2005. Frá vinstri: Hermann Guðmundsson, gjaldkeri, Margrét Schram, meðstjórnandi, Bryndís Steinþórsdóttir, ritari, Birna Frímannsdóttir, meðstjórnandi, Jóna Sveinsdóttir, skjalavörður og Gísli Ólafur Pétursson, formaður. Hörður Zóphaníasson, varaformaður, var fjarri góðu gamni að þessu sinni en á myndinni hér fyrir neðan, er að gleðja gestina á árshátíðinni þann 4. mars 200.



Í tuttugu og fimm ára sögu félagsins hafa stjórnarfundir að meðaltali verið tíu á ári en gera má ráð fyrir að allmargir stjórnarfundir séu haldnir í kringum fræðslu- og skemmtifundina og að þeir hafi sjaldnast færst til bókar. Á liðnu starfsári 2004-5 voru bókaðir stjórnarfundir 16 talsins. Frá upphafi eru bókaðir stjórnarfundir orðnir nærri 250 talsins.

### FKE-fréttir

5 tölublöð voru send út á starfsárinu. Viðbótartölublað var sent út í verkfalli grunnskólakennara og var meginmarkmið þess að leggja baráttu þeirra lið með því að fylgja eftir litlum styrk upp á 300 þúsund krónur sem FKE lagði í verkfallssjóð grunnskólakennara.

### Upplýsingavefur FKE

var settur upp í maí 2004. Þar er rakin saga félagsins eftir fundargerðum og gögnum félagsins og skráð merk atriði úr öllum fundargerðum allt frá fyrsta fundi undirbúningsnefndarinnar um stofnun félagsins í byrjun ársins 1980. Þar eru viðfangsefni félagsins kynnt og birtar myndir frá viðburðum sem það stendur fyrir. Á póstlista félagsins eru nú nærri 100 félagsmenn. Þessa skýrslu má sækja á vefinn sem opnast á <http://www.simnet.is/gop/open/fke> og þar eru myndirnar að sjálfsögðu í lit.

### Félagsmál

#### 1650 félagsmenn

Allir félagsmenn aðildarféлага Kennarasambands Íslands eiga félagsrétt þegar þeir fara á eftirlaun. Skráðir félagsmenn eru nokkuð yfir 1650 talsins og hefur fjöldinn tvöfaldast á starfsárinu og um það bil fjórfaldast á undangengnum þremur árum. Helstu ástæður þessarar



miklu fjölgunar eru þær að áður hafa borist verulega götöttar upplýsingar um þá kennara sem starfað hafa innan stéttarféлага sem eru aðilar að KÍ og þegar eru komnir á eftirlaun. Enn eru óskráðir allmargir sem starfað hafa hjá sveitarfélögunum en örðugast er að koma til þeirra skilaboðum um rétt þeirra til félagsaðildar.

### *Félagagreining*

Skráðir félagsmenn eru samtals 1.652. Eftirfarandi félagagreining er ekki fullkomin en þó í meginatriðum rétt. Í liðum a til f koma fram 1637:

- a) Skráðir framhaldsskólakennarar eru samtals 326
- b) Skráðir grunnskólakennarar eru samtals 754
- c) Skráðir makar eru samtals 216
- d) Tónlistarskólakennarar samtals 22
- e) Leikskólakennarar samtals 33
- f) Skólastjórar samtals 286
- g) Undir sextugsaldri eru skráðir samtals 122 en þeir eru einnig taldir í hópum hér að ofan. Þessir einstaklingar eru annað hvort kennarar sem orðið hafa öryrkjar eða eftirlifandi makar kennara og eiga í báðum tilfellum rétt til félagsaðildar í FKE samkvæmt lögum félagsins.

### *Aðildarfélög KÍ kynni félagsmönnum sínum FKE*

Erfitt getur reynst að ná til sumra einstaklinga sem komnir eru á eftirlaun og eiga rétt til aðildar að félaginu. Það á einkum við um starfsmenn sveitarféлага sem unnu við leikskóla eða tónlistarskóla. Lífeyrissjóður sveitarfélaganna hefur ekki tök á að segja til um úr hvaða starfi menn fóru á eftirlaun. Það er því mikilvægt að stéttarfélag einstaklinganna sendi sífellt út áminningu eða frétt til að ná athygli þeirra og vísa þeim þannig veginn til þátttöku í starfi félagsins. Það er mörgum mikið áfall að fara á eftirlaun og fólk getur hratt fallið niður í depurð og drunga. Það er því mikilvægt að menn viti af félaginu og umfram allt að þeim finnist að þar sé aðlaðandi kostur.

### *Hvert er ásættanlegt þjónustustig félagsins?*

Félagsmenn eru á aldrinum frá 60 til 100 og eru vissulega minna virkir þegar árin verða fleiri. Nú nær þjónusta félagsins til allra félagsmanna með FKE-fréttum sem eru mikilvægar sem kveðja til félagsmanna sem gjarnan vildu vera með og þykir vænt um að þeir gleymast ekki. Á fundi og í ferðir félagsins má áætla að um 15 % félagsmanna komi einu sinni eða oftár á hverju ári til þess að taka þátt í starfsemi. Sífellt er leitað leiða til að gera fleirum fært að taka þátt í starfi og atburðum án þess þó að vera í beinni samkeppni við önnur samtök sem starfa á sama vettvangi.

### *Orlofstilboð*

Orlofssjóður KÍ býður félagsmönnum FKE afar hagstæð kjör við leigu á orlofshúsum utan orlofstíma. Auk þess hefur Orlofssjóðnum tekist að semja um sérstaklega hagstæðar ferðir til þriggja vikna og til mánaðar dvalar á Spáni og á Kanaríeyjum. Mánuður í Benidorm fyrir 76 þúsund krónur með fullu fæði á fjögura stjörnu hóteli og mánuður á Kanarí fyrir kr. 39 þúsund í sér íbúð án fæðis. Þetta eru verð sem eru nær helmingur þess sem annars staðar býðst. Ef félagsmenn nýta sér svona tilboð í umtalsverðum mæli eru miklar líkur á að unnt sé að ná samningum um fleiri slík í framtíðinni.

### Safn til kennslusögu Íslands



Jóna Sveinsdóttir, Hörður Zóphaníasson og Hermann Guðmundsson, fulltrúar FKE á 3. þingi Kennarasambands Íslands 14.-15. mars 2005.

Innan félagsins hefur oft komið upp sú umræða að rétt væri að draga saman heimildir, muni, skjöl og frásagnir úr sögu kennslu á Íslandi. Þessi umræða kom einnig inn á 3. þing KÍ sem samþykkti að huga að þessu máli. Það væri nýtsamt ef áhugasamir félagsmenn FKE stofnuðu starfshóp um þetta efni.

#### **Þakkir til félagsmanna og samstarfsfólks á starfsárinu**

Að lokum skal þess sérstaklega getið að starfið hefur verið afar ánægjulegt í öllum samskiptum við félagsmenn. Samstarfið í stjórn félagsins hefur verið skemmtilegt og hugmyndafrjótt með samstilltum félögum sem ætíð hafa verið tilbúnir til að leggja fram tíma sinn og vinnu.

Þessi skýrsla formanns hefur verið unnin í samvinnu innan stjórnarinnar þótt undirritaður beri ábyrgðina á hinni endanlegu framsetningu.

7. maí 2005,



*Gísli Ólafur Pétursson*